

## Notkun geðdeyfðarlyfja á Norðurlöndum 1990-1999

Íslendingar hafa enn vinninginn á Norðurlöndum í notkun geðdeyfðarlyfja (ATC-flokkur N06A) með næstum 30% meiri notkun en Svíþjóð, sem er næst í röðinni. Hvergi virðist vera lát á vextinum eins og sjá má á súluritunum. Þau eru birt hér í sama skala þannig að vel sést hve stór hluti notkunarinnar er í flokki N06AB sem nýjustu (og dýrustu) lyfin fylla. Ekki liggja enn fyrir tölur um notkun á síðasta ári nema á Íslandi.

